

Leiðbeiningar fyrir mótsstjórn

Uppfært fyrir Golfgátt Core 2.31.x: Raða umferð, ritarar, einriðla holukeppni og Draumahringinn.

Nýjustu atriði í þessari útgáfu

- Einriðla holukeppni: einn riðill þar sem allir mæta öllum.
- Raða umferð: vinna með eina umferð í einu, mætingu, gesti og rástímaholl.
- 3 manna holl: velja má einn leik + safnhring, einn keppir við tvo, eða allir á móti öllum.
- Ritarar: leikmenn geta skiptst á að rita eða einn ritari skráð fyrir allt hollið.
- Draumahringurinn: persónulegur draumahringur og hópáskoranir.

Stofnun og val á leikformi

Golfgátt styður nú hefðbundin punktamót, mótaraðir, frjálsa holukeppni, einriðla holukeppni, margriðla holukeppni, útsláttarholukeppni, safnmót og Draumahringinn. Veldu leikform út frá því hvernig hópurinn spilar í raun.

Mikilvægt að muna

- Frjáls holukeppni hentar þegar mótsstjórn velur handvirkt einstaka leiki.
- Einriðla holukeppni hentar þegar allir eiga að mæta öllum.
- Margriðla holukeppni hentar þegar keppendum er skipt í tvo eða fleiri riðla.

Raða umferð

Í einriðla og margriðla holukeppni er Raða umferð aðalvinnusvæðið. Þar vinnur mótsstjórn með eina umferð í einu, merkir mætingu/forföll, velur mögulega leiki og raðar þeim í rástímaholl.

Mikilvægt að muna

- Vista uppstillingu áður en skorkort eru send.
- Senda skorkort fyrir þessa umferð þegar allt er yfirfarið.
- Gamla leikjaplan/yfirlit er frekar tæknilegt yfirlit.

Rástímaholl og 3 manna holl

Holl merkir rástímaholl, ekki endilega einn holukeppnisleik. Eitt holl getur verið með tvo leiki, stakan safnhring eða gesti.

Mikilvægt að muna

- 3 manna holl getur verið einn leikur + safnhringur.
- Ítarleg regla getur leyft einum að keppa við tvo.
- Ítarleg regla getur leyft allir á móti öllum í 3 manna holli.

Ritarar

Í mótum með ritara getur mótsstjórn valið hvort leikmenn skiptist á að rita eða einn ritari skrái fyrir allt hollið.

Mikilvægt að muna

- Veldu ritara per holl ef einn ritari skráir allt hollið.
- Ekki senda skorkort fyrr en öll holl eru með réttan ritara.
- Mitt skor er valkvætt og veldur aðeins viðvörun ef leikmaður hefur skráð samanburðarskor.

Gestaspilarar og stakir leikmenn

Gestir eru tímabundnir þátttakendur sem geta fyllt holl án þess að fá fullan hópaðgang. Stakur leikmaður getur fengið safnhring sem telur ekki í holukeppninni.

Mikilvægt að muna

- Bæta gesti við úr Raða umferð eða Keppnishollum.
- Skrá má netfang, síma, forgjöf og GSÍ númer.
- Gestur er sjálfgefið utan heildarkeppni nema annað sé valið.

Safnmót og Draumahringur

Safnmót safnar stigum yfir tímabil og lætur bestu X úrslit telja. Draumahringurinn heldur utan um besta skor leikmanns á hverri holu.

Mikilvægt að muna

- Safnmót er frábært fyrir sumarseríur og golfferðir.
- Draumahringur getur verið persónulegur eða hópkeppni.
- Persónulegur draumahringur getur notað skorkort yfir öll Golfgátt-svæði með cron/cache.

Útsending skorkorta

Skorkort eru ekki send sjálfkrafa þegar uppstilling er vistuð. Mótsstjórn vistar fyrst, yfirfer og sendir svo skorkort þegar uppstilling er endanleg.

Mikilvægt að muna

- Þetta kemur í veg fyrir ranga tölvupósta.
- Tölvupóstur sýnir dagsetningu, rástíma, holl og viðeigandi leik.
- Ef ritaraflæði er virkt fá ritara réttan link.

